

# Mál nr. 47/2018

Föstudaginn 22. júní 2018

**Ákærvaldið** (Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)

**Gegn**

**X og Y** (Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður)

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Kristbjörg Stephensen, Ragnheiður Bragadóttir og Sigurður Tómas Magnússon.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar Íslands 9. nóvember 2017. Gögn málsins bárust Landsrétti 2. janúar 2018 en samkvæmt 1. mgr. 78. gr. laga nr. 49/2016, sbr. 76. gr. laga nr. 117/2016 og 4. gr. laga nr. 53/2017, hefur málið verið rekið fyrir Landsrétti frá þeim tíma. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Suðurlands 9. nóvember 2017 í málinu nr. S-[...]/2017.
2. Ákærvaldið gerir kröfu um að ákærðu Sigurmundur og Guðmunda ehf. verði sakfelld samkvæmt ákæru og gerð refsing. Jafnframt að ákærðu verði dæmd til að greiða allan sakarkostnað á báðum dómstigum. Málið var upphaflega höfðað gegn ákærðu og Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. Fyrir Landsrétti féll ákærvaldið frá áfrýjun málsins á hendur því félagi en það var úrskurðað gjaldþrota 1. júní 2018.
3. Ákærðu gera aðallega kröfu um að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur en til vara krefjast þeir vægustu refsingar sem lög heimila og að sú refsing verði eftir atvikum að öllu leyti bundin skilorði. Þá gera ákærðu kröfu um málskostnað og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

### Málsatvik

4. Rannsókn á ætluðum skattalagabrotum ákærða Sigurmundar og Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. hófst af hálfu skattrannsóknarstjóra ríkisins 15. ágúst 2016 með tilkynningu, sem send var á lögheimili félagsins, þess efnis að rannsókn væri hafin á skilum á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda á greiðslu- og uppgjörstímabilum á rekstrarárunum 2013, 2014, 2015 og 2016. Rannsókn á ætluðum skattalagabrotum ákærða Sigurmundar og Guðmundu ehf. hófst 20. september 2016 með tilkynningu sama efnis, sem send var á lögheimili félagsins, vegna greiðslu- og uppgjörstímabila á rekstrarárunum 2014 og 2015. Ákærði Sigurmundur gaf 22. september 2016 skýrslu að viðstöddum verjanda hjá skattrannsóknarstjóra vegna rannsókna á skattskilum einkahlutafélaganna.
5. Framangreindum rannsóknum skattrannsóknarstjóra lauk með skýrslum 17. nóvember 2016 og var málinu í framhaldinu vísað til héraðssaksóknara með bréfi 23. febrúar 2017. Ákærði Sigurmundur gaf skýrslu 14. mars 2017 að viðstöddum verjanda við rannsókn málsins hjá héraðssaksóknara þar sem honum var kynnt sakarefnið. Ákæra var gefin út 27. mars 2017 á hendur ákærðu Sigurmundi Gísla Einarssyni og einkahlutafélagnum Viking Tours Vestmannaeyjum og Guðmundu.

6. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Suðurlands 11. maí 2017 og sótti ákærði þing og óskaði eftir fresti fyrir sig og einkahlutafélögin til að taka afstöðu til sakarefnisins. Málið var tekið fyrir aftur 8. júní sama ár. Ákærði sótti þing og neitaði sök í öllum ákæruliðum hvað varðaði hann sjálfan og bæði einkahlutafélögin. Aðalmeðferð málsins í héraði fór fram 13. október sama ár. Í þingbók var þá bókað að verjandi sem sótti þing fyrir alla ákærðu hefði upplýst „að ákærði Sigurmundur Gísli Einarsson vilji ekki gefa skýrslu í málinu og muni ekki mæta til þinghaldsins“.
7. Samkvæmt ákvörðun Landsréttar var ákærði boðaður til skýrslutöku við aðalmeðferð málsins fyrir réttinum. Hann mætti en neitaði að tjá sig að öðru leyti en því að hann skýrði breytta afstöðu sína til sakarefnisins frá því að hann kannaðist við ábyrgð sína í skýrslum sínum hjá skattrannsóknarstjóra og héraðssaksóknara og til þess að hann neitaði sök fyrir héraðsdómi.

### Niðurstaða

8. Ákærða Sigurmundi er gefið að sök brot á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt fyrir að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti, sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins Viking Tours Vestmannaeyjum og brot á lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélaganna Viking Tours Vestmannaeyjum og Guðmundu. Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi var ákærði Sigurmundur framkvæmdastjóri, prókúruhafi og eini stjórnarmaður Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. og eini stjórnarmaður og prókúruhafi Guðmundu ehf. Enginn framkvæmdastjóri var skráður hjá félaginu. Samkvæmt skýrslu ákærða Sigurmundar hjá héraðssaksóknara 14. mars 2017 komu varamenn í stjórnnum beggja einkahlutafélaganna ekkert að rekstri þeirra.
9. Ákærðu krefjast staðfestingar sýknudóms í héraði þar sem ekki liggja fyrir hvaða verkaskipting hafi verið innan einkahlutafélaganna. Ákærði hafi greint frá því við rannsókn skattrannsóknarstjóra að fjármálastjórn hafi verið á hendi tveggja annarra nafngreindra manna en engin skýrsla hafi verið tekin af þeim mönnum. Rannsókn málsins hafi verið áfátt og því sé vafi um hvort ákærði hafi borið ábyrgð á skattskilum einkahlutafélaganna.
10. Meðal gagna málsins eru skýrslur skattrannsóknarstjóra vegna einkahlutafélaganna tveggja þar sem er að finna útdrátt úr skýrslu ákærða Sigurmundar sem hann gaf við rannsókn málsins. Í skýrslu skattrannsóknarstjóra vegna Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. kemur fram að ákærði Sigurmundur hafi aðspurður sagst vera eigandi að félaginu og stýra því. Hann hafi ekki annast umsýslu fjármála heldur hafi það verið í höndum tveggja nafngreindra starfsmanna félagsins á tímabilinu sem til rannsóknar var, þar sem annar hafi tekið við af hinum við umsýsluna. Í skýrslu skattrannsóknarstjóra vegna Guðmundu ehf. kemur fram að ákærði hafi aðspurður sagst vera eigandi að félaginu og prókúruhafi. Þótt enginn framkvæmdastjóri hafi verið skráður á félagið hafi hann verið titlaður framkvæmdastjóri. Hann hafi ekki séð um fjármálin, það hafi sömu tveir menn gert og önnuðust umsýslu fjármála hjá Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. Þessir menn hafi verið undirmenn hans.
11. Ákærði Sigurmundur gekkst við því hjá héraðssaksóknara að hann hefði annast daglega fjármálastjórn Viking Tours Vestmannaeyjum ehf., þar með talið borið ábyrgð af hálfu félagsins á færslu og vörslu bókhalds og hvers kyns skattskilum. Jafnframt gaf hann þá skýringu að nauðsynlegt hefði verið að taka fé út úr rekstrinum vegna kostnaðarsamra breytinga á bát félagsins vegna krafna Samgöngustofu. Ákærði gekkst jafnframt við sömu ábyrgð á rekstri Guðmundu ehf. og gaf sömu skýringu á ástæðu vanskilanna. Ákærði var eini prókúruhafinn í báðum félögum og í skýrslu sinni hjá skattrannsóknarstjóra bar ákærði jafnframt að hann hefði verið sá sem var í samráði við sýslumann um greiðslufyrirkomulag á þeim skattskuldum sem safnast höfðu upp.
12. Meira þarf til að koma en að ákærði beri fyrir sig að undirmenn sínir hafi annast umsýslu fjármála, svo litið verði fram hjá þeim skyldum sem að lögum hvíla á stjórnarmanni og framkvæmdastjóra einkahlutafélags. Ákærði Sigurmundur var prókúruhafi og eini stjórnarmaður beggja einkahlutafélaganna eins og fram er

komið. Þá var hann framkvæmdastjóri Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. og titlaður framkvæmdastjóri að eigin sögn hjá Guðmundu ehf. Stjórnarmenn einkahlutafélags bera almennt ábyrgð á því að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þar á meðal ber þeim að sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Sé framkvæmdastjóri ráðinn til félags fara stjórn og framkvæmdastjóri með stjórn félagsins. Skal framkvæmdastjóri meðal annars annast daglegan rekstur og sjá um að bókhald sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggum hætti. Í því felst meðal annars að sjá til þess að staðin séu skil á innheimtum virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu í samræmi við lög. Ekki er hægt að fallast á að undirmenn ákærða hafi tekið yfir þessar skyldur hans sem framkvæmdastjóra þótt þeir hafi að sögn ákærða annast daglega umsýslu fjármála. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærinni. Brot hans, sem voru fullframin á eindaga skilaskyldu, eru þar rétt heimfærð til refsíákvæða og teljast meiri háttar í skilningi 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga þegar litið er til þeirrar fjárhæðar sem um ræðir.

13. Ákærða Sigurmundi er gefið að sök að hafa ekki staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda, samtals að fjárhæð 19.216.943 krónur. Er ákærufjárhæðin byggð á skýrslum, sem einkahlutafélagin Viking Tours Vestmannaeyjum og Guðmunda, sendu innheimtumanni ríkissjóðs, svo sem skylt er, auk þess sem rannsókn skattrannsóknarstjóra leiddi í ljós að virðisaukaskattur sem Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. innheimti vegna tímabilsins maí til júní 2016 hafði verið vantallinn um 209.829 krónur. Staðgreiðsla opinberra gjalda, sem dregin var af launum ákærða hjá félögunum, hefur jafnframt verið dregin frá ákærufjárhæðinni.
14. Ákærði hefur ekki sætt refsingu. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess hvort greitt hafi verið inn á skuldir einkahlutafélaganna við innheimtumann ríkissjóðs.
15. Virðisaukaskattur sem innheimtur var í rekstri Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. fyrir tímabilið janúar til febrúar 2016 er greiddur og þá er virðisaukaskattur fyrir tímabilið maí til júní sama ár að mestu greiddur. Eftir standa ógreiddar 108.398 krónur. Þá er tímabilið október 2013 vegna afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna sama félags, uppgert. Jafnframt er tímabilið maí 2015 uppgert að mestu leyti. Eftir standa ógreiddar 69.069 krónur. Tímabilin janúar og maí 2014 vegna afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna Guðmundu ehf., eru enn fremur að fullu gerð upp.
16. Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 skal fésektarrefsing vera allt að tífaldr þeirri fjárhæð sem undan var dregin og aldrei lægri en tvöföld sú fjárhæð sem ekki var skilað eða greidd samkvæmt skilgrein. Fara má niður úr fésektarlágmarki hafi brot einskorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti og staðgreiðslu samkvæmt skilgreinum, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur verið miklar.
17. Samkvæmt þessu má fara niður úr sektarlágmarki vegna innheimts virðisaukaskatts í rekstri Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. Sama á við um skilagreinar sama félags vegna afdreginnar staðgreiðslu fyrir október 2013 og maí 2015 og skilagreinar Guðmundu ehf. vegna afdreginnar staðgreiðslu fyrir janúar og maí 2014.
18. Ákærði Sigurmundur skýrði í skýrslu sinni hjá héraðssaksóknara ástæður vanskilanna með því að fé hefði verið tekið út úr rekstrinum vegna kostnaðarsamra breytinga á bátum einkahlutafélaganna. Það liggur því fyrir að brotið var drýgt til hagsbóta fyrir meðákærða, einkahlutafélagið Guðmundu og hefur meðákærði notið hagnaðar af broti ákærða Sigurmundar. Með vísan til 9. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 verður lögaðilanum því gerð sekt í máli þessu óskipt með ákærða Sigurmundi vegna þess fjár sem haldið var eftir í rekstri Guðmundu ehf.
19. Með vísan til þessa verður refsing ákærða Sigurmundar ákveðin fangelsi í sex mánuði. Rétt þykir að skilorðsbinda refsingu ákærða þannig að hún falli niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá verður ákærða gert að greiða 33.500.000 krónur í fésekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dóms þessa en sæta ella fangelsi í tólf mánuði, þar af greiði

ákærði 10.600.000 krónur óskipt með Guðmundu ehf. Við ákvörðun fésektarinnar hefur verið tekið tillit til skattálags sem þegar hefur verið greitt.

20. Ákærði Sigurmundur verður dæmdur til að greiða allan sakarkostnað í héraði og fyrir Landsrétti, þar á meðal ferðakostnað og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Sigurmundur Gísli Einarsson, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 33.500.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa en sæti ella fangelsi í tólf mánuði.

Guðmunda ehf. greiði óskipt með ákærða 10.600.000 krónur í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Landsrétti, samtals 1.865.396 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns á báðum dómstigum, 1.791.800 krónur og ferðakostnað verjandans, 33.800 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Suðurlands, fimmtudaginn 9. nóvember 2017**

Mál þetta er höfðað með ákæru útgefni af Héraðssaksóknara þann 27. mars 2017, á hendur Sigurmundi Gísla Einarssyni, kt. [...], Suðurgerði 4, Vestmannaeyjum, Viking Tours Vestmannaeyjum ehf., kt. [...], Suðurgerði 4, Vestmannaeyjum og Guðmundu ehf., kt. [...], Suðurgerði 4, Vestmannaeyjum,

„Fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum:

A.

Á hendur ákærða Sigurmundi sem framkvæmdastjóra og stjórnarmanni einkahlutafélagsins Viking Tours Vestmannaeyjum, með því að hafa:

1. Eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í rekstri einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna janúar – febrúar og maí - júní rekstrarárið 2016 í samræmi við fyrirmæli IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 1.136.931, sem sundurliðast sem hér greinir:

**Árið 2016**

janúar – febrúar	kr. 42.211
maí – júní	kr. 1.094.720
<b>Samtals</b>	<b>kr. 1.136.931</b>

2. Eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna október til og með desember rekstrarárið 2013, janúar til og með desember rekstrarárið 2014, janúar, mars til og með júní, og september rekstrarárið 2015, og janúar til og með maí rekstrarárið 2016 í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, samtals að fjárhæð kr. 12.238.260, sem sundurliðast sem hér greinir:

**Árið 2013**

október	kr. 319.008
nóvember	kr. 123.171
desember	kr. 106.156
	kr. 548.335

**Árið 2014**

janúar	kr. 150.388
febrúar	kr. 961.092
mars	kr. 887.726
apríl	kr. 710.295
maí	kr. 551.923
júní	kr. 757.676
júlí	kr. 875.478

ágúst	kr. 835.766
september	kr. 434.127
október	kr. 326.580
nóvember	kr. 262.766
desember	kr. 262.766
	kr. 7.016.583

### **Árið 2015**

janúar	kr. 387.566
mars	kr. 273.607
apríl	kr. 379.979
maí	kr. 469.069
júní	kr. 571.446
september	kr. 947.626
	kr. 3.029.293

### **Árið 2016**

janúar	kr. 321.858
febrúar	kr. 280.614
mars	kr. 325.731
apríl	kr. 128.061
maí	kr. 587.785
	kr. 1.644.049

**Samtals**

**kr. 12.238.260**

B.

Á hendur ákærða Sigurmundi sem stjórnarmanni og daglegum stjórnanda einkahlutafélagsins Guðmundu, með því að hafa eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins vegna uppgjörstímabilanna maí, júní, september til og með desember rekstrarárið 2015 og janúar rekstrarárið 2016, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987, samtals að fjárhæð kr. 5.841.752 sem sundurliðast sem hér greinir:

**Árið 2014**

janúar	kr. 114.904
maí	kr. 423.864
júní	kr. 481.826
júlí	kr. 708.227
ágúst	kr. 509.996
september	kr. 378.843
október	kr. 262.800
nóvember	kr. 133.178
desember	kr. 133.178
	kr. 3.146.816

**Árið 2015**

janúar	kr. 132.307
mars	kr. 340.661
apríl	kr. 371.602

júní	kr. 741.174
september	kr. 681.353
október	kr. 295.532
nóvember	kr. 132.307
	kr. 2.694.936

**Samtals** **kr. 5.841.752**

Framangreind brot ákærða Sigurmundar teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1995, sbr. einnig:

a) 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 1. tölulið A liðar ákæru.

b) 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. laga nr. 42/1995 og 1. gr. laga nr. 134/2005, að því er varðar 2. tölulið A liðar ákæru og B lið ákæru.

Framangreind brot ákærðu Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. og Guðmundu ehf. teljast varða við:

a) 8. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, sbr. 3. gr. laga nr. 42/1995 og 3. gr. laga nr. 134/2005 að því er varðar 1. tölulið A liðar ákæru.

b) 9. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 2. gr. l. nr. 42/1995, að því er varðar 2. tölulið A liðar ákæru og B lið ákæru.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Var málið þingfest 11. maí 2017.

Ákærði Sigurmundur neitar sök og sem fyrirvarsmaður beggja hinna ákærðu félaga hefur hann jafnframt neitað sök vegna beggja félaganna.



Aðalmeðferð málsins fór fram 13. október 2017 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Vegna allra ákærðu sótti þing við aðalmeðferð Jón Bjarni Kristjánsson hdl., skipaður verjandi ákærða Sigurmundar og beggja félaganna. Af hálfu verjandans var bókað að ákærði Sigurmundur vilji ekki gefa skýrslu í málinu og mundi ekki mæta til þinghaldsins.

Af hálfu sækjanda var bókað að hann gerði ekki athugasemdir við að aðalmeðferðin færi fram án þess að ákærði Sigurmundur gæfi skýrslu.

Ekki voru leidd vitni við aðalmeðferðina.

Af hálfu ákæruvalds eru gerðar þær kröfur sem að ofan greinir.

Af hálfu ákærða Sigurmundar og beggja félaganna er aðallega krafist frávísunar, en til vara er krafist sýknu af öllum kröfum ákæruvalds, en til þrautavara að dæmd refsing verði eins væg og lög leyfa. Vegna ákærða Sigurmundar er þess krafist að verði refsing dæmd þá verði hún bundin skilorði.

Þá krefst skipaður verjandi málsvarnarlauna að teknu tilliti til virðisaukaskatts og greiðist úr ríkissjóði, sem og annars sakarkostnaður.

## **Málavextir**

Með bréfi, dags. 23. febrúar 2017, sendi Skattrannsóknarstjóri ríkisins til Héraðssaksóknara mál ákærða Sigurmundar og beggja hinna ákærðu félaga. Segir í bréfinu að málið sé sent á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um rannsókn Skattrannsóknarstjóra á skilum á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda vegna beggja félaganna, en vegna félagsins Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. einnig vegna rannsóknar á skilum á innheimtum virðisaukaskatti.

Segir í bréfinu að vegna Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. sé ljóst að 2. október 2016 hafi verið vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna félagsins vegna greiðslutímabilanna október, nóvember og desember rekstrarárið 2013, janúar til og með desember rekstrarárið 2014, janúar, mars, apríl, maí, júní og september rekstrarárið 2015 og janúar, febrúar, mars, apríl og maí rekstrarárið 2016, samtals að fjárhæð kr. 13.051.846, en afdregin staðgreiðsla af launum ákærða Sigurmundar, fyrirsvarsmanns félagsins, hafi numið kr. 817.616. Þá sé ljóst að sama dag, þ.e. 2. október 2016, hafi verið vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs

að fullu skil á innheimtum virðisaukaskatti í starfsemi félagsins Viking Tours Vestmannaeyjum ehf., vegna uppgjörstímabilanna janúar – febrúar og maí – júní rekstrarárið 2016, samtals að fjárhæð kr. 1.136.931.

Þá kemur fram í téðu bréfi Skattrannsóknarstjóra að vegna Guðmundu ehf. sé ljóst að 19. september 2016 hafi verið vanrækt að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á afdreginni staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna félagsins vegna greiðslutímabilanna janúar, maí, júní, júlí, ágúst, september, október, nóvember og desember rekstrarárið 2014 og janúar, mars, apríl, júní, september, október og nóvember rekstrarárið 2015, samtals að fjárhæð kr. 7.281.956. Afdregin staðgreiðsla af launum fyrirsvarsmanns félagsins, þ.e. ákærða Sigurmundar, nemi kr. 641.136.

Í rannsóknargögnum eru yfirlit yfir afdregna, en vangoldna, staðgreiðslu opinberra gjalda af launum launþega Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. vegna rekstartímabilanna október 2013 til og með maí 2016. Eru yfirlitin byggð á tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs. Kemur fram að miðað við eindaga hverju sinni sé fjárhæðin alls kr. 12.238.260, sem skiptist þannig eftir árum að vegna ársins 2013 eru kr. 548.335, vegna ársins 2014 kr. 7.016.583, vegna ársins 2016 kr. 3.029.293 og vegna ársins 2016 kr. 1.644.049. Samskonar yfirlit eru fyrir afdregna, en vangoldna, staðgreiðslu opinberra gjalda af launum launþega Guðmundu ehf. vegna rekstartímabilanna janúar 2014 til og með nóvember 2015. Kemur fram að miðað við eindaga hverju sinni sé fjárhæðin alls kr. 5.841.752, sem skiptist þannig að vegna ársins 2014 eru kr. 3.146.816 en vegna ársins 2015 eru kr. 2.694.936. Þá er í rannsóknargögnum yfirlit yfir vangoldinn virðisaukaskatt af hálfu Viking Tours Vestmannaeyjar ehf. vegna virðisaukaskattstímabilanna janúar – febrúar og maí – júní 2016 og kemur fram að heildarfjárhæð vangoldins skatts eftir lögboðinn eindaga sé kr. 1.136.931, sem skiptist þannig að vegna fyrra tímabilsins eru kr. 42.211 en vegna hins seinna kr. 1.094.720.

Vegna framangreinds var tekin skýrsla af ákærða Sigurmundi hjá Héraðssaksóknara þann 14. mars 2017.

Kemur fram í skýrslunni að fyrir ákærða Sigurmund hafi verið lagt vottorð fyrirtækjaskrár RSK um Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. pr. 12. ágúst 2016 þar sem fram kemur að ákærði hafi verið framkvæmdastjóri og aðalmaður í stjórn, sem og prókúruhafi, en varamaður í stjórn hafi verið A. Er ákærði spurður að því hver eða hverjir hafi annast daglega fjármálastjórn félagsins, þ.m.t. borið ábyrgð af hálfu félagsins á færslu og vörslu

bókhalds og hvers kyns skattskilum vegna framangreindra tímabila. Kemur fram að ákærði hafi sagt að hann hafi sjálfur borið ábyrgð á þessu af hálfu félagsins og að A hafi ekkert haft með þessi mál að gera. Þá segir að ákærði hafi ekki rengt niðurstöður úr færðu bókhaldi og að það væri rétt eftir hans bestu vitund. Launþegar hafi fengið greidd laun. Kom jafnframt fram að hann rengdi ekki framangreindar tölur um afdregna en vangoldna staðgreiðslu vegna launa. Kvaðst axla sjálfur alla ábyrgð vegna þessa, en lýsti því að skýringin væri sú að nauðsynlegt hefði verið að taka fé úr rekstrinum vegna kostnaðarsamra breytinga sem hafi þurft að gera á bát félagsins. Vegna vangoldins virðisaukaskatts vegna rekstrar Viking Tours Vestmannaeyjar ehf. kvaðst ákærði ekki gera athugasemdir eða rengja framangreindar tölur, en benti þó á að á miðju ári 2016 hafi verið skipt um bókhaldsfyrirtæki. Þá kvaðst ákærði ekki vita hvort um hefði verið að ræða tapaðar kröfur sem lagðar hafi verið til grundvallar í bókhaldi. Hafi ákærði sjálfur borið á þessu ábyrgð og um hvernig féð hefði verið nýtt kvaðst hann vísa til þess sem áður hefði komið fram um kostnaðarsamar breytingar sem gera hefði þurft á bát félagsins.

Þá kemur fram í skýrslunni að fyrir ákærða hafi verið lagt vottorð fyrirtækjaskrár RSK um Guðmundu ehf. pr. 20. september 2016 þar sem fram komi að ekki sé skráður framkvæmdastjóri en ákærði sé skráður aðalmaður í stjórn og prókúruhafi, en varamaður í stjórn B. Er ákærði þar spurður hver eða hverjir hafi annast daglega fjármálastjórn þess félags, þ.m.t. borið ábyrgð af hálfu félagsins á færslu og vörslu bókhalds og hverskyns skattskilum vegna ofangreindra tímabila og svarar ákærði því til að það hafi verið hann sjálfur. Aðspurður um hvort og þá hvernig B hafi komið að fjármálastjórn eða ákvörðunum um hvers kyns skattskil félagsins svarar ákærði því til að B hafi ekkert komið að ákvörðunum af þessu tagi, heldur aðeins verið skráður varamaður til að uppfylla formskilyrði. Þá kemur fram að samræmi hafi verið milli skilagreina og bókhaldsútprentana og ákærði spurður hvort skil á staðgreiðsluskilagreinum segðu rétt til um laun og afdregna staðgreiðslu og kveðst ákærði ekki neita því. Launþegar hafi fengið greidd laun, nema hann sjálfur. Þá voru bornar undir ákærða framangreindar tölur um vangoldna staðgreiðslu og kvaðst ákærði ekki rengja þær. Kvaðst ákærði sjálfur bera ábyrgð á þessu. Vísaði ákærði jafnframt til þess sem áður hefði komið fram hjá honum vegna Viking Tours Vestmannaeyjar ehf. um ástæður þess að ekki hafi verið greitt til innheimtumanns ríkissjóðs, þ.e. fjárþörf vegna kostnaðarsamra breytinga á kostnaðarsamra breytinga á bátnum sem hafi verið vegna krafna Samgöngustofu.

## Forsendur og niðurstaða

Aðalkrafa ákærða Sigurmundar og félaganna er að málinu verði vísað frá dómi. Ekki hefur verið lögð fram greinargerð af hálfu ákærða, en við aðalmeðferð kom fram að frávísunarkrafa væri byggð á því að rannsókn væri áfátt í málinu. Um þetta er vísað til þess að við skýrslugjöf ákærða hjá Skattrannsóknarstjóra ríkisins þann 22. september 2016 gat ákærði þess að hann hafi sjálfur séð um daglega umsýslu vegna farþega, en C sjái um daglegan rekstur og bókhaldið sé hjá D. Fyrir tilkomu C hafi fjármálin verið á höndum manns að nafni E, en ákærði hafi séð um daglega sýslu vegna farþega. Báðir þessir menn hafi verið undirmenn ákærða. Er frávísunarkrafan á því byggð að taka hefði þurft skýrslur af báðum þessum mönnum við rannsókn málsins.

Ekki verður fallist á þessar röksemdir fyrir frávísunarkröfu. Lögregla annast rannsókn og fer með forræði hennar. Er markmið rannsóknar að nauðsynlegra gagna verði aflað svo ákæranda sé fært að taka ákvörðun um saksókn. Í málinu er það mat ákærvalds að því hafi verið veittar nægar upplýsingar um kæruefni til að það geti tekið afstöðu til ákvörðunar um ákæru, sbr. 145. gr. laga nr. 88/2008. Þessi ákvörðun ákærvalds getur ekki sætt endurskoðun hér fyrir dómi, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar í málinu nr. 140/2011. Auk þess verður að líta til þess að við skýrslugjöf sína hjá Héraðssaksóknara þá gat ákærði ekki þessara tveggja manna, heldur þvert á móti kvaðst sjálfur bera ábyrgð á skattskilum og fjármálastjórn beggja félaganna.

Verður því kröfu um frávísun hafnað.

Af hálfu ákærða Sigurmundar og beggja hinna ákærðu félaga hefur verið neitað sök. Ákærði Sigurmundur hefur valið þann kost að koma ekki fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins og gefa þar skýrslu, hvorki fyrir sjálfan sig né heldur sem fyrirvarsmaður hinna ákærðu félaga, en ekki var þess krafist af hálfu ákærvalds að ákærði gæfi skýrslu, hvorki vegna sjálfs sín né heldur vegna félaganna. Þá hafa ekki verið teknar neinar skýrslur af vitnum við meðferð málsins fyrir dómi.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fer sönnunarfærsla fram fyrir dómi og skal dómur reistur á sönnunargögnum sem þar eru færð við meðferð máls.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag. Af hálfu sækjanda var ekki gerð athugasemd við að aðalmeðferð málsins færi fram án þess að ákærði kæmi fyrir dóminn og gæfi skýrslu við

aðalmeðferðina, þrátt fyrir að ákærða sé jafnan rétt og skylt að koma fyrir dóm til skýrslugjafar eftir að mál hefur verið höfðað gegn honum. Hefði slík skýrslugjöf verið eðlilegur þáttur í sönnunarfærslu sækjanda fyrir dómi, en skv. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 88/2008 getur ákærandi lagt fyrir lögreglu að sækja ákærða eða færa hann síðar fyrir dóm með valdi ef þörf krefur, enda hafi ákærði ekki lögmæt forföll, en ekki kom fram neitt af því tagi.

Eins og að framan greinir var hvorki óskað eftir því af hálfu sækjanda né verjanda að vitni yrðu leidd fyrir dóminn við aðalmeðferð, en skýrslugjöf vitna er eðlilegur þáttur í sönnunarfærslu sakamáls fyrir dómi, enda hafði áður verið óskað eftir því af hálfu ákæruvalds að leiða vitni í málinu ef til þess kæmi að aðalmeðferð færi fram í því.

Liggur því fyrir í málinu að engar skýrslur hafa verið gefnar við meðferð málsins fyrir dómi, en skýrslur fyrir dómi eru jafnan mikilvægur þáttur í sönnunarfærslu sækjanda í sakamáli. Einungis liggja fyrir í málinu gögn sem aflað var af hálfu Skattrannsóknarstjóra og Héraðssaksóknara, þ. á m. skýrslur sem ákærði gaf. Eins og að framan greinir gat ákærði þess við skýrslugjöf sína hjá Skattrannsóknarstjóra að aðrir nafngreindir menn hefðu séð um fjármál beggja félaganna á umræddum tímabilum og ákærði sjálfur hafi ekkert komið að fjármálum félaganna. Við meðferð málsins hjá Héraðssaksóknara var ákærði ekkert spurður um þá aðkomu þessara manna sem hann hafði áður lýst, þó að tilefni hafi verið til. Breytir hér engu að ákærði hafi kannast við ábyrgð sína sem stjórnarmaður, en slík ábyrgð er alþekkt og verður ekki litið svo á að með þessu hafi ákærði verið að taka á sig refsíábyrgð vegna málsins, enda getur hann það ekki standi lög ekki til þess. Við meðferð málsins fyrir dómnum hefur hvorki komið fram neitt um að þessir menn, sem ákærði nafngreindi við skýrslugjöf sína hjá Skattrannsóknarstjóra, hafi séð um fjármál og skattskil félaganna, né að þeir hafi ekki gert það, en um þetta ber ákæruvald sönnunarbyrði eins og annað sem er ákærða í óhag, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt 109. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Að framansögðu virtu er það mat dómsins að gegn neitun ákærða verði sakfelling í máli þessu ekki reist einvörðungu á framlögðum rannsóknargögnum.

Gegn neitun ákærða hefur því ekki verið færð fram sönnun um sekt ákærða sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum og verður hann því sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Í 8. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt segir að gera megi lögaðila fésekt fyrir gegn lögnum án tillits til þess hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Sambærilegt ákvæði er að finna í 9. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Umrædd ákvæði eru bæði heimildarákvæði. Hvorki í ákæru né við munnlegan flutningi málsins hefur verið gerð sérstök grein fyrir því að rétt sé að beita framangreindum heimildum og leggja fésektir á framangreinda lögaðila. Verða bæði félögin sýknuð af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Að fenginni þessari niðurstöðu verður sakarkostnaður allur lagður á ríkissjóð sbr. 2. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008, en ekki hefur komið fram að um sé að ræða annan sakarkostnað en málsvarnarlaun og ferðakostnað skipaðs verjanda ákærða Sigurmunds og hinna ákærðu félaga. Verða málsvarnarlaun ákveðin í einu lagi og þykja hæfileg kr. 1159400 og hefur þá verið litið til virðisaukaskatts, en ferðakostnaðurinn nemur kr. 33.800.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð :**

Frávísunarkröfu ákærðu er hafnað.

Ákærðu, Sigurmundur Gísli Einarsson, Viking Tours Vestmannaeyjum ehf. og Guðmunda ehf., skulu vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Bjarna Kristjánssonar hdl., kr. 1.159.400, að meðtöldum virðisaukaskatti, auk ferðakostnaðar verjandans kr. 33.800.